

Fundargerð 38. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 21. ágúst 2017 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016
2. Fundur um aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði - umræður
3. Áhrif fjárlagafrumvarps 2018 á byggðaðróun í landinu
4. Önnur mál
 - a. Áhersluverkefni Austurlands 2017
 - b. Næstu fundir

Mættir: Hanna Dóra Hólm Másdóttir formaður (SSR), Benedikt Árnason (FOR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Helga Haraldsdóttir (ANR), Karl Björnsson (sambandinu), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (SSR, kom á fundinn kl. 13.45), Þór G. Þórarinnsson (VEL), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun), Páll S. Brynjarsson (landshlutasamtökunum), Hermann Sæmundsson (SRR, sat fundinn til kl. 14.50) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Fundargerð 36. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn. Fundargerð 37. fundar var lögð fram og tekin fyrir undir lið 2 og var hún samþykkt með lítilsháttar breytingum.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016

Drög að greinargerð stýrihópsins um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016 hafði verið send stýrihópnum fyrir fundinn og voru þau rædd. Sérstaklega var rætt um lokaorð greinargerðarinnar og hvaða skilaboðum stýrihópurinn vill koma á framfæri þar. Formanni og verkefnisstjóra falið að ljúka við greinargerðina og senda lokadrög til stýrihópsins fyrir næstu mánaðamót.

Þá var rætt að þar sem gildistími sóknaráætlanasamninga væri hálfnaður að æskilegt væri að fá úttekt utanaðkomandi aðila á því hvernig til hefði tekist með framkvæmdina.

2. Fundur um aðgerðaráætlun fyrir Vestfirði – umræður

Stýrihópurinn hélt aukafund 19. ágúst sl. til að ræða aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði og stöðu einstakra aðgerða sem þar eru lagðar til. Aðgerðaráætlunin var unnin fyrir forsætisráðuneytið og skilað í september 2016. Fundurinn var haldinn að beiðni Fjórðungssambands Vestfjarðar og sátu formaður og framkvæmdastjóri FV fundinn.

Fulltrúi forsætisráðuneytisins greindi frá fundi sem fulltrúar forsætisráðuneytisins áttu með formanni og framkvæmdastjóra FV síðar sama dag og fundurinn með stýrihópnum var.



Góðar umræður urðu um málið. Fundarmenn eru sammála að það skipan og verklag Vestfjarðar-nefndarinnar, sem og annarra sambærilegra svæðisbundinna nefnda, væru á skjön við verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana og lög nr. 96/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta. Þetta væri hins vegar staðan og henni þyrfti að finna lausn. Formanni og fulltrúa forsætisráðuneytisins falið að vinna drög að minnisblaði þar sem óskað verður að ráðherra byggðamála fari með fyrir ríkisstjórn.

Stýrihópurinn hvetur eindregið til þess að þegar að upp koma svæðisbundin byggðavandamál að þá verði farið með slík mál í gegnum sóknaráætlun landshlutans og stýrihópinn.

3. Áhrif fjárlagafrumvarps 2018 á byggðapróun í landinu

Samkvæmt að lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 er Byggðastofnun falið það hlutverk að gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif fjárlagafrumvarps á byggðapróun í landinu. Í framhaldi af umræðum á 35. fundi stýrihópsins þann 22. maí sl. greindu formaður og fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá stöðu málsins og var hún rædd. Ákveðið að óska eftir sameiginlegum fundi stýrihópsins og verkefnahóps um innleiðingu áætlunar laga um opinber fjármál í september.

4. Önnur mál

a. Áhersluverkefni Austurlands 2017

Á síðasta fundi stýrihópsins var frestað staðfestingu áhersluverkefna Austurlands sem urðu til eða var breytt í kjölfar aukins fjármagns til samningsins og óskað var nánari upplýsinga um. Upplýsingar hafa borist fyrir þrjú af fjórum verkefnum og voru þær kynntar stýrihópnum. Stýrihópurinn staðfestir verkefnin fyrir sitt leyti. SSA óskar eftir því að fá að senda upplýsingar um fjórða verkefnið *Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi* eftir að málið hefur verið rætt nánar í stjórninni. Stýrihópurinn samþykkir að verða við þeirri beiðni.

b. Næstu fundir stýrihópsins

Ákveðið var að fastir fundir stýrihópsins á komandi vetri verði haldnir fjórða mánudag í hverjum mánuði kl. 13.00-15.00. Færa þarf desember fundinn fram vegna jólaleyfa. Næstu fundir verða þannig 25. september, 23. október, 27. nóvember, 11. desember, 22. janúar, 26. febrúar, 26. mars, 23. apríl og 28. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.40.